

A u g l ý s i n g

um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á

lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hjermeð staðfest eptirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkur kaupstað 15. nóvbr. 1890, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

Aptanvið III. kafla (eptir 31. gr.) komi svohljóðandi ákvæði:

Hænsn (gæsir og endur) má eigi hafa í kaupstaðnum frá 14. maí til 1. ágúst, nema þau sjeu í afgirtum svæðum eða í öruggri vörzlu. Þó má lögreglustjóri veita leyfi til að hænsn gangi laus í útjöðrum kaupstaðarins, þar sem garðar annara manna eru ekki nærri.

Í staðinn fyrir 45. gr., er fellur burtu, komi svohljóðandi ákvæði:

Veitingahús öll, þar sem áfengir drykkir eru seldir, skulu vera lokuð frá kl. 11 á kvöldin til kl. 6 á morgnana mánudina júní, júlí og ágúst, en frá kl. 10 á kvöldin til kl. 6 á morgnana alla aðra mánuði ársins. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu fara út jafnskjótt sem lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er; og heimilt skal fjelögum, sem lögreglustjórin þekkir, að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir á veitingahúsum fram yfir lokunartímann, ef eigi taka aðrir þátt í því, en fjelagsmenn eða gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Um brot gegn ákvæðum þessum fer sem ákveðið er í lögreglusamþykktinni.

Ákvæði þessi öðlast gildi einni viku eptir að auglýsing um staðfesting þeirra hefir verið birt í Stjórnartíðindunum.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. maí 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.